

8. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri sunnudaginn 18.febrúar 2018 og hófst kl. 14.00

Áður en gengið var til þingstarfa afhenti Hulda Elsa Björgvinsdóttir, formaður sambandsins, viðurkenningar til stigahæstu liða í karla- og kvennaflokki 2017. KFA sigraði í báðum flokkum og tók Grétar Skúli Gunnarsson við verðlaununum. Hulda kallaða svo fram Einar Örn Guðnason, Akranesi og afhenti honum bronsverðlaun í -105 kg flokki karla á EM í bekkpressu 2016. Sá sem lenti í þriðja sæti þar féll síðan á lyfjaprófi og var Einar því hinn rétti bronsverðlaunahafi. Þingfulltrúar fögnuðu þessu með lófataki.

Svo var tekið til starfa.

1. Þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins

Hulda Elsa bauð menn velkomna og setti þingið.

Þingboð og kjörbréf voru send út með tölvupósti 18.janúar. Síðara þingboð með dagskrá og tillögum var sent 4. febrúar í samræmi við lög sambandsins. Kallað var eftir athugasemdum um lögmæti þingsins. Engar athugasemdir komu og úrskurðaði formaður fundinn þingið lögmætt.

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd.

Lögð var fram tillaga um að Gry Ek, Þórunn Lilja Vilbergsdóttir og Róbert Kjarnan tækju sæti í kjörbréfanefnd og var hún samþykkt. Nefndin tók til starfa.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta.

Lögð var fram tillaga um Ólaf Rúnar Ólafsson sem þingforseti og Jóhann Tómas Sigurðsson til vara. Tillagan var samþykkt. Ólafur Rúnar þakkaði traustið og tók við fundarstjórn.

Ólafur Rúnar bar upp dagskrártillögu í upphafi um að kosning stjórnar yrði færð framár á dagskrá og yrði 15. liður í stað 18. þar sem tvísýnt væri með veðurútlit og óskir hefðu komið fram um að flýta þessum dagskrárlið. Dagskrártillagan var samþykkt án athugasemda.

4. Kosning þingritara og varaþingritara.

Lögð var fram tillaga um Gry Ek Gunnarsson sem þingritara og Þórunn Lilja Vilbergsdóttir til vara. Það var samþykkt

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram.

Þinggerðin hefur legið frammi á heimasíðu KRA undir liðnum fundargerðir í heilt ár og taldi þingforseti ekki ástæðu til að leggja hana fram á þinginu. Það var samþykkt athugasemdarlaust.

6. Ávörp gesta.

Ingi Þór Ágústsson, sem á sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ, kvaddi sér hljóðs og flutti kveðju frá forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórn.

Hann óskaði Kraftlyftingasambandinu innilega til hamingju með glæsileg afrek á liðnu ári og öflugt starf sem tekið væri eftir.

Hann gerði afreksmálin og eflingu Afrekssviðs ÍSÍ að sérstöku umræðuefni og þakkaði KRA og öðrum sérsamböndum fyrir þá miklu vinnu sem þau leggja fram í þágu afreksmanna landsins.

Í mál Inga Þórs kom fram að það sé skilyrði úthlutunar úr afrekssjóði ÍSÍ að hjá samböndum liggja fyrir samþykkt afreksstefna, enda mikil ábyrgð fyrir íþróttahreyfinguna að fá aukin fjárframlög til ráðstöfunar. Hann greindi frá því að almennt væru um 10% iðkenda sem kæmust á afreksstig, en um 90% kæmust ekki á þann stall. Þessum stóra hópi þyrfti engu að síður að sinna líka.

Ingi Þór sagði að afreksstarf hefði liðið fyrir styttingu náms í framhaldsskólum. Þetta væri áhyggjuefni. Kallaði hann eftir stuðningi KRAFT sem annarra innan ÍSÍ í þeirri vegferð að fá menntamálaráðuneytið til að styðja sérstaklega við afrekskrakka í íþróttum til að sporna gegn brottfalli þeirra úr íþróttum.

Ingi Þór þakkaði fundarmönnum sem og KRAFT framlag þeirra til íþróttastarfs í landinu og vinnu við að skapa umhverfi til íþróttaiðkunar fyrir börn, ungmenni og aðra.

Ingi endurtók kveðjur sínar og hamingjuóskir og óskaði mönnum velgengni við þingstörfin.

7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt.

Kjörbréf voru send til 70 fulltrúa frá 19 félögum og 15 héraðssamböndum/íþróttabandalögum.

Nokkur félög fengu ekki kjörbréf send 18.janúar:

Zetorar(Seltjarnarnes) og Víkingur (Ísafirði) höfðu ekki skilað ársskýrslu til ÍSÍ

KDH er í skuld við Kraftlyftingasamband Íslands

UMF Selfoss og UMF Austra höfðu ekki skráða iðkendur

Kjörbréfanefnd barst kjörbréf frá 12 félögum og einu íþróttabandalagi og voru þau öll gild.

Á þinginu voru 37 atkvæðabærir fulltrúar. Hreinn meirihluti atkvæða var 19 atkvæði og 2/3 var 25 atkvæði.

Engar athugasemdir voru gerðar við álit kjörbréfanefndar og voru atkvæðaseðlar og kjörseðlar úthlutaðir í samræmi við þetta.

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins.

Þessar tillögur voru lagðar fram:

Fjárhagsnefnd: Alex Cambray, Erla Kristín Árnadóttir og Róbert Kjarran

Laganefnd: Jóhann Tómas Sigurðsson, Hulda Elsa Björgvinsdóttir og Þórunn Lilja Vilbergsdóttir

Allsherjarnefnd: Grétar Skúli Gunnarsson, Ingimundur Björgvinsson og Aðalsteinn Guðmundsson

Þingforseti lýsti eftir öðrum tillögum. Engar bárust. Tillögurnar voru samþykktar.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Hulda Elsa Björgvinsdóttir flutti skýrslu stjórnar og fylgir hún með í viðauka.

10. Lagður fram endurskoðaður ársreikningur KRAFT.

Alex Orrason gjaldkeri lagði fram ársreikning og skýrði og er hann aðgengilegur á kraft.is

Rekstrartekjur: 21.558.023 ISK

Rekstrargjöld: 13.179.673 ISK

Hagnaður ársins eftir fjármagnsliði: 8.426.047 ISK

Skuldir og eigið fé: 13.615.331 ISK

11. Umræður um reikninga og skýrslu stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

Þingforseti bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Grétar Skúli Gunnarsson kvaddi sér hljóðs. Hann gerði að umtalsefni það sem fram kom í skýrslu formanns að áhugi keppenda og áhorfenda á búnaðarlyftingum fari dvínandi. Honum fannst það skjóta skökku við í ljósi þess að flest afrek sambandins á alþjóðavettvangi eru unnin á búnaðarmótum. Hann taldi ástæðan gæti verið að meira umstang fylgir þjálfun og keppni í búnaði og krafist er meiri vinnu aðstoðarmanna. Kom fram í mál hans að hann teldi erfitt reka félög og fá þjálfara meðan þau væru lítil.

Hulda Elsa tók til máls og ítrekaði orðum sínum í skýrslunni að þessi þróun væri eitthvað sem stjórnin væri meðvituð um og vildi leita skýringa við.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Þingforseti bar reikninga undir atkvæði og voru þau samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Fjárhagsáætlun KRA fyrir næsta starfsár.

Alex kynnti fjárhagsáætlun næsta árs og er hún í viðauka.

Gert er ráð fyrir

27.000.000 ISK í tekjum og gjöldum að 32.400.000 ISK

13. Lagabreytingar.

Engar tillögur hafa borist.

14. Aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa stjórn KRAFT tekin til umræðu.

A.

Þingforseti kynnti eftirfarandi tillögu

Tillaga frá stjórn Kraftlyftingasambands Íslands til Kraftlyftingabings 2018

Stjórn Kraftlyftingasambands Íslands leggur til við Kraftlyftingabing, haldið 18. febrúar 2018, að þingið skipi þriggja manna nefnd sem hafi það hlutverk að leggja fram ráðgefandi tillögur að aðferð við útreikningum og uppfærslum á lágörkum til landsliðspáttöku í öllum aldurs- og þyngdarflokkum. Rökstuddar tillögur sem taka mið af árangri á alþjóðamótum undanfarinna tveggja ára og af afreksstefnu sambandsins skal leggja fyrir stjórn í síðasta lagi 20. mars 2018.

Rökstuðningur:

Gildandi landsliðslágmörk voru sett 2016 og voru byggð á þágildandi landsliðslágmörkum Dana.

Síðan hafa framfarir orðið í íþróttinni og standardinn hækkað á alþjóðavettvangi. Danir hafa uppfært sín landsliðslágmörk og það þurfum við líka að gera.

Nægilega skýr rökstuðningur fylgja ekki núgildandi lágörkum, en við þurfum að geta rökstudd af hverju tiltekna tölur gilda í tilteknum flokkum. Hraða þarf vinnuna eins og unnt er svo keppendur hafi góðan tíma til að ná lágörkum áður en þau taka gildi 1. janúar 2019

Stjórnin lagði jafnframt til að í nefndinni tækju sæti þau Ingimundur Björgvinsson, Grétar Skúli Gunnarsson og María Guðsteinsdóttir.

Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna og lýsti eftir öðrum tillögum um nefndarfólk. Enginn kvaddi sér hljóðs og engar bárust. Tillagan var samþykkt.

B.

Eftirfarandi erindi barst stjórn í tölvupósti 27.janúar 2018 frá Þorbergi Guðmundssyni:

Hér með óskar KDH að eftirfarandi mál verði tekinn fyrir á aðalfundi

- 1. Kærumál gegn KDH og afhverju stjórnin hefur komið í veg fyrir það að önnur félög og aðilar verði kærðir fyrir það sama*
- 2. Samband aganefndar og formanns Kraft og hvort það þykir rétt að formaður geti ákveðið hvaða mál fara fyrir aganefnd, sér í lagi þau mál sem varðar formann sjálfan og stjórn Kraft.*
- 3. Afhverju stjórnin hefur ekki verið tekinn fyrir aganefnd þrátt fyrir ítrekuð brot á reglum sambandsins*

Þingforseti bauð Þorbergi að gera grein fyrir málinu.

Þorbergur tók til máls og fjallaði um úrskurð aganefndar KRA 1/17 í máli á hendur KDH. Hann rakti málið og lét í ljós þá skoðun sína að rangt hafði verið farið með málið og úrskurður væri óvæginn og ósanngjarn. Hann fullyrti jafnframt að reglubrotið á IM í réttstöðu 2016 sem ákært var fyrir ætti sér fordæmi á IM í klassískum kraftlyftingum 2015.

Hulda Elsa tók til máls. Hún tók undir orðum um að mistök hefðu komið upp í málsmeðferð og málið þess vegna tafist um of. Þörf væri á breytingum í reglugerð um aganefnd.

Gry tók til máls og vísaði á bug því sem fram kom í erindi KDH að stjórn KRA hefði afskipti af því hvaða málum væru vísað til aganefndar, enda þarf nefndin ekki samþykki stjórnar til að taka mál fyrir. Hún sagðist ekki kannast við að óeðlilegt samband væri milli aganefndar og formanns KRA.

Þorbergur tók aftur til máls og sagðist hafa undir höndum tölvupósta frá aganefnd þar sem formaður hefði verið í cc. Hann lýsti jafnframt þeirri skoðun sinni að stjórn hefði ekki átt að fresta formannafundi sem boðaður hafði verið á Akureyri 24. nóvember sl. Auk þess tók hann fram að honum fyndist að á mótaskrá ættu að vera opin mót þar sem ekki væri krafist að keppendur hefðu verið félagsskráðir í þrjá mánuði til að mega taka þátt.

Hulda kvaddi sér hljóðs og neitaði því að hafa haft óeðlileg afskipti af störfum aganefndar. Í umræddum tölvupóstum hafði hún alfarið vísað málum til aganefndar til afgreiðslu.

Hún minnti á að eitt mikilvægasta hlutverk stjórnar væri að setja reglur um framkvæmd kraftlyftingakeppni og tryggja að þeim væri fylgt.

Grétar Skúli kvaddi sér hljóðs og sagði frá ástæðum þess að keppandi KFA hafði ekki verið rétt skráður á ÍM á Patreksfirði. Hann lýsti þeirri skoðun að umfjöllun um þetta mál ætti ekki heima á þinginu, en tók undir með Þorbergi um að það væri ósanngjarnt að fá svo harðan úrskurð sem í þokkabót væri ekki hægt að áfrýja vegna reglna um áfrýjunarfjárhæðir.

Aðalsteinn Guðmundsson tók til máls og sagðist vilja verja bróður sinn. Honum fannst úrskurður aganefndar ósanngjarn, ekki síst í ljósi þess að sams konar atvik hafði gerst áður án þess að búið væri til agamál. Hann sagðist ekki munu taka að sér mótahald í framtíðinni og varaði lítil félög við að gera það hér eftir þar sem reglubrot gæti leitt til sektardóma. Hann tók undir orð Þorbergs um að ekki hefði átt að fresta formannafundinum 24. nóvember sl en að það hefði átt að fresta formannafundinum 18. janúar sl.

Gry tók til máls og benti á að atvikið á ÍM 2015 sem notað væri sem fordæmi fyrir að leyfa gestakeppanda á Patreksfirði hafði verið ástæðan fyrir því að reglugerð var breytt varðandi þetta atriði. Skýrt ákvæði sem óheimilar mótshaldara að leyfa óhlutgengum keppendum þátttöku á mótum var komið í reglugerð þegar mótið á Patreksfirði var haldið 2016.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og lokaði þingforseti umræðunni um málið.

15. Kosning formanns og stjórnar.

15. gr. laga KRAFT hljóðar svo: *Stjórn KRAFT er kosin á kraftlyftingaþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnina skipa 7 aðalmenn. Fyrst skal kjósa beinni kosningu formann til eins árs, næst skal kjósa 3 stjórnarmenn til tveggja ára.*

Hulda Elsa Björgvinsdóttir og Þorbergur Guðmundsson gáfu kost á sér í formennsku til eins árs.

Þau þáðu boð þingforseta um að koma í pontu og kynna sig og áherslumál sín stuttlega.

Að því loknu var gengið til kosninga.

Stutt kaffihlé var tekið meðan þingforseti og kjörbréfanefnd töldu atkvæðin en þau féllu svona

Hulda Elsa fékk 30 atkvæði

Þorbergur fékk 7 atkvæði.

Þingforseti lýsti Huldu Elsu réttkjörinn formann Kraftlyftingasambands Íslands.

Þrír stjórnarmenn ganga úr stjórn: Rósa Birgisdóttir, Róbert Kjara og Alex Cambray Orrason.

Alex Cambray Orrason, Aron Friðrik Georgsson, Aron Ingi Gautason, Gísli Sigurðsson og Guðbrandur Sigurðsson gefa kost á sér í þessi þessi þrjú sæti.

Þingforseti bauð þeim að koma í stafrófsröð fram og kynna sig og áherslumál sín. Þeir gerðu það allir, en Grétar Skúli tók til máls fyrir hönd Gísla Sigurðssonar sem var fjarverandi.

Að því loknu var gengið til kosninga. Þingforseti og kjörbréfanefnd töldu atkvæðin og féllu þau svona

Alex 31 atkvæði

Aron Friðrik 29 atkvæði

Aron Ingi 19 atkvæði

Gísli 6 atkvæði

Guðbrandur 27 atkvæði

Þingforseti lýsti samkvæmt þessu rétt kjörna stjórnarmenn Alex Cambray, Aron Friðrik og Guðbrand í stjórn sambandsins til næstu tveggja ára.

16. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Engin mál bárust þingnefndum til umfjöllunar.

17. Ákveða þáttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils.

Lögð var fram tillaga stjórnar um óbreytt gjöld, 6500 ISK fyrir þríþrautarmót og 5000 ISK fyrir mót í stakri grein. Jafnframt var lagt til að haldið yrði í ákvæðinu frá þingi 2017 um að 1000 kr af hverju gjaldi færi til unglingastarfs KRAFT og gjaldið hér eftir innheimt af gjaldkera KRAFT.

Nokkur umræða varð um nauðsyn þess að innheimta gjald af keppendum þar sem framlag til sambandsins hafði aukist svo mjög.

Alex svaraði því til að það væri ekki hlutverk afrekssjóðs að fjármagna allt starfið heldur þarf mótframlag og sjálfsaflafé sambandsins að vera mikið. Þetta gjald væri eyrnamerkt mikilvægu starfi fyrir unga keppendur og ætlað í verkefnasjóð t.d. vegna æfingabúða.

Þingforseti lýsti eftir breytingartillögum eða nýjum tillögum. Engar bárust. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

18. Önnur mál.

Einar Örn tók til máls og sagði að fyrirkomulagið með tveggja daga mót myndi ekki ganga upp og væri eitthvað sem þyrfti að breyta á næsta tímabili. Til að mynda væri ekki heppilegt að sömu keppendur væru að keppa tvo daga í röð.

Grétar Skúli tók til máls og sagðist ósáttur við að engin opin mót mætti setja á mótaskrá.

Þórunn Lilja svarað f.h. mótanefndar og sagði að heimilt væri að setja opin mót á mótaskrá og skýrt væri kveðið á um skilyrði því fylgjandi í reglugerð um kraftlyftingakeppni. Mótanefnd hefðu hins vegar ekki borist neinar óskir um slík mót fyrir 2018.

Grétar Skúli kvaddi sér aftur hljóðs með orðunum “Hvað er málið fyrir sunnan?” Þegar þingforseti bað hann kveða skýrar að orði lýsti hann þeirri skoðun sinni að félögin á höfuðborgarsvæðinu væru of mörg og veikburða. Hann sagðist vilja sjá stjórn KRA beita sér fyrir sameiningu félaga á höfuðborgarsvæðinu.

Lára Bogey tók til máls og sagði að uppbygging væri í gangi í mörgum smærri félögum og að það þyrfti að gefa þeim tíma til að vaxa.

Aron Friðrik tók til máls og benti á að félög gætu verið mjög ólík og forsendur og aðstæður misjafnar.

Einar Örn benti á þann möguleika að félög á sama svæði gætu haft samstarf um æfingaraðstöðu og þjálfun.

Aron Ingi lýsti þeirri skoðun sinni að það væri sniðugt að búa til fjölmenna æfingarhópa á sameiginlegum æfingum, jafnvel í sameiginlegri æfingaraðstöðu.

19. Kosning 2 endurskoðenda/skoðunarmanna og 2 til vara.

Lögð var fram tillaga um að þeir Helgi Briem Ármanni og Magnus B Þórðarson, LFH yrði aðalmenn og Borghildur Erlingsdóttir Gróttu og Gunnlaug Olsen Massa yrði til vara.

Engar aðrar tillögur bárust og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

20. Kosning 3 fulltrúa á íþróttaping ÍSí.

Þing er ekki haldið 2018 og á þess vegna þessi liður ekki við í ár.

21. Þingslit.

Þingforseti lýsti yfir að dagskrá væri tæmd og bað um heimild þingsins fyrir sig og þingritara til að ljúka við þinggerð síðar og birta eins fljótt og því yrði við komið. Það var samþykkt.

Hann þakkaði þingfulltrúum fyrir gott starf og reglu á fundinum, þakkaði fyrir sig og gaf Huldu Elsu Björgvinsdóttur orðið.

Hulda þakkað Ólafi Rúnari fyrir dygga fundarstjórn, þingfulltrúum og fráfarandi stjórnarmönnum fyrir störf þeirra og traustið sem sér væri sýnt með áframhaldandi umboð í formennsku, bauð nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa og sagðist hlakka til framtíðarinnar sem væri björt.

Hulda sleit þingi kl. 16.25.

Þingritari
Gry Ek Gunnarsson

VIÐAUKAR

Skýrsla stjórnar flutt á ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands sem háð var þ. 18.2.2018 í íþróttahöllinni við Skólastíg, Akureyri.

Ávarp og inngangur

Ágæta kraftlyftingafólk og þingfulltrúar .

Velkomin til áttunda ársþings Kraftlyftingasambands Íslands frá því að það var stofnað þann 15. apríl 2010.

Árið 2017 var viðburðarríkt ár hjá sambandinu í alla staði. Konur og menn unnu glæsileg afrek hér innanlands sem og á erlendum vettvangi og félögum hélt áfram að fjölga. Ný afrekisstefna sambandsins leit dagsins ljós á vordögum en síðastliðið haust varð hins vegar gríðarleg breyting á grunnforsendum fyrir rekstri Kraftlyftingasambands Íslands þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ kynnti niðurstöður sínar um að flokka sambandið sem eitt af afrekssársamböndum ÍSÍ. Í því felst að sambandið okkar er sett í A-flokk ásamt 8 öðrum sérsamböndum, og státum við af þessum titli ásamt ekki ómerkari samböndum en KSÍ, HSÍ, GSÍ o.fl.

Ársskýrsla stjórnar er sett fram með hefðbundnum hætti, ég ætla þó að leyfa mér að stikla á stóru yfir það helsta, tímans vegna, en skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu KRAFT eftir þingið.

Hlutverk KRAFT og grunngildi

Á tímamótum sem þessum getur verið hollt að staldra við og rifja upp tilgang og markmið KRAFT. Þannig má betur meta árangur og móta stefnu til framtíðar, en hlutverki KRAFT er lýst í 10 liðum í 2. gr. laga KRAFT. Landsliðs- og mótamál er einungis hluti af hlutverki KRAFT, reglusetning, eftirfylgni, stofnun nýrra félaga, vinna að eflingu og uppeldislegu gildi eru þættir sem eru jafn mikilvægir.

KRAFT skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og sjá um að reglur varðandi kraftlyftingar og framkvæmd þeirra séu í samræmi við alþjóðareglur. Reglur og ákvarðanir KRAFT eru bindandi fyrir alla aðila að KRAFT hvort sem það eru félög, iðkendur, keppendur, dómara, þjálfara, forystumenn eða aðrir sem eru innan vébanda aðildarféлага KRAFT.

Meðal þeirra grundvallargilda sem unnið er eftir innan íþróttahreyfingarinnar eru

Siðferði, drengskapur og heiðarleiki, heilbrigði, virðing fyrir lögum og reglum, virðing fyrir sjálfum sér og öðrum iðkendum, hugrekki, samkennd og samstaða

Það var mikið áfall fyrir íþróttahreyfinguna þegar fjöldi kvenna steig fram og lýsti því kynferðislega ofbeldi sem hefur átt sér stað innan hreyfingarinnar og ekki síst viðbragðaleysi í þeim tilvikum sem tilkynnt var um athæfið. Stjórn KRAFT hefur átt fundi með ÍSÍ þar sem lagt hefur verið til að samböndin grípi til aðgerða, eftir atvikum í samstarfi við íþróttahreyfinguna eða eftir atvikum með setningu eigin siðareglna. Það er von mín að ný stjórn haldi áfram þessari vinnu, og rækti áfram þau mikilvægu undirstöðugildi sem hér voru nefnd.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn sambandsins var þannig skipuð á sl. ári.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir formaður

Erla Kristín Arnardóttir varaformaður

Gry Ek Gunnarsson ritari

Alex Cambray Orrason gjaldkeri

Róbert Kjaran Magnússon, Þórunn Lilja Vilbergsdóttir og Rósa Birgisdóttir meðstjórnendur

Stjórnin hefur haldið 10 (11) bókaða stjórnarfundum og tvo formannafundi frá síðasta kraftlyftingaþingi. Auk þess hafa verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. ÍSÍ, afreksjóði o.fl. svo og fjöldinn allur af símtölum, tölvupóstum og snúningum. Stjórnarmenn hafa því lagt fram gríðarlega mikla vinnu og vil ég því nota tækifærið og að þakka stjórnarmönnum kærlega fyrir hið mikla, óeigingjarna og góða framlag þeirra á árinu. Fyrir mig persónulega hefur þetta verið gott og lærdómsríkt ár í góðum félagsskap.

Félagamál og Felix

Nú eru aðildarfélög Kraftlyftingasambandsins í Felix 24 talsins og fjölgaði þeim um fjögur á árinu, á Egilsstöðum, Raufarhöfn og Ólafsfirði auk þess sem félagið á Selfossi var endurvakið.

Starfsemin er misgróskumikil í félögunum eins og gengur og aðstæður misjafnar eins og fram kemur í greinunum sem munu halda áfram að birtast á kraft.is. Stjórnin vill hvetja félög til að hafa samband sín á milli og skoða möguleika á samstarf, t.d. við mótahald, þjálfun og annað.

Öflugt starf í félögunum er undirstaða starfsins alls.

Ég vil líka hvetja félög til að sækja um vottun sem fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

Kraftlyftingadeild Ármanns endurnýjaði sína stöðu á árinu en ekkert nýtt félag bættist á listann.

Minum á siðareglur - hvetja félög til að fylgja tilmælum ÍSÍ og hafa viðbragðaáætlun sem hægt er að fylgja ef mál koma upp. Þá er t.d. gott að leita liðsinnis héraðssambands, en nálægð getur verið mikil innan lítils félags bæði við meintan geranda og þolanda og gott að fá hjálp utanaðkomanda.

Alls eru nú skráðir 1478 (1574) iðkendur í kraftlyftingafélög í Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Það eru færri skráðir en í fyrra þrátt fyrir fjölgun aðildarfélaga. Helsti skýringin er væntanlega sú að félög hafi tekið til á listanum sínum og afskráð iðkendur sem hafa ekki verið virkir. Það er mikilvægt að skráning sé rétt, en skráningin er mikið hagsmunamál fyrir okkur öll. Innan ÍSÍ er litið til þessarar skráningar sem mælikvarða þegar styrkjum, lottótekjum ofl. er úthlutað og farið er eftir felix-skráningu við þátttöku í starfi innan sambandsins.

Mótamál

Mótanefnd starfaði undir forystu Gry Ek Gunnarssonar en með henni nefndinni voru Þórunn Lilja Vilbergsdóttir, Þorbergur Guðmundsson og Einar Örn Guðnason.

Mótaskrá 2018 er að finna á heimasíðu KRAFT og er þar um það nýmæli að ræða að haldin eru tveggja daga meistaramót. Það er tilraun sem mótanefndin ákvað að gera þar sem hún sá ekki betri leið til að koma öllum mótum fyrir á dagatali. Reynslan verður að leiða í ljós hvort þetta sé raunhæf leið, en með auknum fjölda móta nálgumst við hugsanlega þann veruleika að keppendur verði að velja sér greinar, bekkpressu, þríþraut, með eða án búnaðar. Sá tími er væntanlega liðinn að menn geti tekið þátt í öllum þeim mótum sem í boði eru.

Á mótaskrá 2018 eru 14 mót – 2017 og 2016 voru þau 10 en 2014 voru eingöngu 8 mót á sambandsins.

Um leið og mótum hefur fjölgað hefur skráningum fækkað.

2017 voru 207 skráningar á mótum á mótaskrá. Árið á undan voru þær 258.

Þetta er ekki þróunin sem við viljum sjá. Sérlega mikil fækkun hefur orðið í skráningum á búnaðarmót undanfarin ár. Á ÍM í kraftlyftingum og bekkpressu

2017 voru 28 keppendur skráðir til leiks en 66 árið 2015. Þessa helgi voru 30 skráningar á þessi mót.

Þetta eru staðreyndir sem menn þurfa að velta fyrir sér bæði innan og utan stjórnar.

Hvert viljum við stefna og hvað ber að gera.

Fimm félög héldu mót í fyrra auk Ármanns sem hélt ÍM fatlaðra og þökkum við þeim fyrir. Og aftur eru það fimm félög sem halda mótin í ár og er gaman að sjá að Stjarnan bætist í hópinn.

Mótahald eflir liðsandann og setur ný, hærri og markvissari markmið fyrir keppendur bæði við þjálfun og undirbúning svo og í mótaþátttökunni sjálfri.

Mótanefndin hefur gert úttekt á þeim mótum sem hafa verið haldin eins og ákveðið var á formannafundi að gera skyldi. Niðurstöðurnar eru sendar til mótshaldara sem ábendingar um hvað er hægt að bæta. Flestar ábendingar um úrbætur hafa snúið að húsnæði eða aðstöðunni.

Eitt alþjóðlegt mót fór fram á Íslandi 2017, klassískt kraftlyftingamót í tengslum við RIG og kepptu 9 konur og 7 karlar. 3 heimsmet og 2 evrópumet voru sett á mótinu og er það einsdæmi í íslenskri íþróttasögu.

Stjórn KRAFT ákvað að breyta fyrirkomulagi fyrir RIG 2018, í stað þess að KRAFT sé mótshaldari þá var Reykjarvíkurfélögunum boðið að taka að sér mótahald sem Ármann tók að sér. Þetta fyrirkomulag telur stjórnin að sé eðlilegra og meira í samræmi við eftirlitshlutverk KRAFT skv. lögum auk þess sem útgjöld vegna mótahalds voru of mikil.

Norðurlandamót unglunga fer fram hér á Akureyri í september nk. Það er stórt og spennandi verkefni. Við viljum tefla fram öflugum liði ungmenna þar og er vinna hafin við að setja saman myndarlegan keppendahóp.

Agamál og aganefnd

Aganefndin birti einn úrskurð á árinu og er hann að finna á heimasíðu KRAFT. Lýtur hann að broti mótshaldara á 8. gr. reglugerðar um kraftlyftingakeppni, en mótshaldari leyfi gestakeppanda að keppa án þess að samþykki stjórnar KRAFT lægi fyrir.

Heimasíða, Facebook og Flickr

Heimasíða sambandsins hélt áfram að gegna sínu lykilhlutverki. Og hefur Róbert Kjara aðallega séð um hana og um gagnabankann results.kraft.is og skal hann hafa þakkir fyrir.

Facebooksíða sambandsins er töluvert notuð og myndir á flickr slóðinni <http://www.flickr.com/photos/kraft2010/sets> er uppfærð reglulega eftir mót. Sambandið á því verulegt ljósmyndasafn sem aðgengilegt er fyrir alla en ávallt skal leita samþykkis höfundar fyrir notkun mynda úr safninu og ávallt skal geta höfundar.

Styrkjamál

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum en styrkjamálin hafa breyst til muna. Samstarf stjórnar við afrekssjóð er mikið, fundir hafa verið haldnir og afrekssjóður lagt línuna fyrir hvert og eitt sérsamband á fundum með stjórnarmeðlimum KRAFT. Umsókn fyrir árið 2018 er í vinnslu og verður það hlutverk nýrrar stjórnar að klára það ferli.

Afreksfólk – Kraflyftingakona og kraflyftingakarl ársins

Kraflyftingamaður og -kona ársins 2017 voru valin þau Fanney Hauksdóttir og Júlían J. K. Jóhannsson.

Fjögur alþjóðamet voru sett á árinu, Sóley Margrét Jónsdóttir bætti Evrópumet stúlkna +84 í hnébeygju 170 kg. Júlían J. K. Jóhannsson bætti Evrópumet karla +120 í klassískri réttstöðu 165 kg og aftur í 172,5 kg. Fanney Hauksdóttir bætti Norðurlandamet kvenna -63 í bekkpressu 157,5 kg

Erlend samskipti

Að venju sótti fulltrúi KRAFT ársþing IPF. Ísland lagði þar fram tillögu (motion #23 í fundargerð) varðandi nýtingu lyfjagjalds á alþjóðamótum og var hún samþykkt.

Óformlegur fundur NPF var haldinn í tengslum við Norðurlandamót unglunga í Noregi í september og var Gry fulltrúi Íslands þar.

Landsliðsmál – Afreksstefna

Mikið starf hefur farið fram við endurskoðun afreksstefnu. Mynduð var sérstök afreksnefnd sem fékk það hlutverk að semja afreksstefnu 2017 – 2025 og vil ég nota tækifærið hér og þakka þeim Erlu Kristínu, Gry og Jóhanni Tómasi fyrir vel unnin störf.

Afreksstefnan var rædd á formannafundi 21. apríl sl og samþykkt af stjórn 23. apríl og birt og hefur verið unnið samkvæmt henni síðan. Hún verður lögð fram til staðfestingar á þessu þingi.

Landsliðssamningar hafa verið endurskoðaðir bæði fyrir keppendur og þjálfara og hafa keppendur í landsliðsvali 2018 allir skrifað undir.

Eitt af skilyrðum fyrir að teljast afrekssérsamband, sem ég kom að hér í upphafi er að til staðar sé landsliðsþjálfari eða íþróttastjóri í 100% starfi á ársgrundvelli. Og þá byggir afreksstefna okkar á því að íþróttastjóri verði ráðinn til starfa. Stjórnin réð Gry Ek tímabundið sem íþróttastjóra þann 10. nóvember nóvember sl. til að móta starfið og áætla umfang þess. Vil ég nota tækifærið og þakka Gry fyrir frábær störf þennan stutta tíma sem hún hefur starfað sem íþróttastjóri. Auglýst hefur verið eftir nýjum íþróttastjóra.

Afreks ársins á alþjóðlegum meistaramótum í opnum flokki og flokkum ungmenna eru talin upp í lok þessarar skýrslu og eru eftirtektarverð. Samtals unnu íslenskir keppendur 33 verðlaunapeninga á árinu, þar af 8 í opnum flokki.

Í viðbót við þessi mót hafa íslenskir keppendur tekið þátt í mótum í öldungaflokki og á evrópskum bikarmótum með góðum árangri og Júlíani Jóhannssyn var boðin þátttaka á réttstöðumóti í tengslum við Arnold Sports Festival í Bandaríkjunum þar sem hann var stigahæstur keppenda.

Á árinu gerðist það líka í fyrsta sinn að íslenskur keppandi vann sér inn keppnisrétt á World Games, en það var Júlían J. K. Jóhannsson.

Landsliðsnefnd undir minni forystu og með Alex Cambray og Helga Hauksson innanborðs hefur unnið mikið starf og hefur ferlið sem var mótað 2015 komið vel út. Ég vil þakka samstarfsmönnum mínum í nefndinni gott samstarf.

Nú er tímabært að endurskoða lágmarkskröfur til landsliðspáttöku og leggur stjórnin fram tillögu þar að lútandi á þessu þingi.

Fræðslumál

Eitt dómaramámskeið var haldið á árinu. Framundan er að skipuleggja fræðslufundi sem nýta þekkingu fagteymis o.fl.

Dómaramál

Í mars 2017 bættust við 6 nýir dómara á lista auk nýs alþjóðadómara, en Aron Teitsson öðlaðist þá réttindi sem alþjóðadómari.

Þessa daga er verið að fara yfir dómaramalista KRAFT og taka til á honum. Þar hafa verið nöfn manna sem eru löngu hættir að dæma, en við viljum tryggja að allir dómarar eru í góðu formi.

Forskráning dómara á mót er nýmæli og hvetjum við alla til nota þann möguleika svo við getum komið honum í gagnið öllum til þæginda, en slík forskráning kemur í veg fyrir að verið sé að redda dómurum á síðustu stundu.

Lyfjamál

Lyfjamálin eru stöðugt í brennidepli bæði á alþjóðavettvangi svo og hér innanlands. Lyfjaeftirlit ÍSÍ framkvæmdi 6 lyfjapróf á meðlimum KRAFT árið **2017**. Sýni voru tekin úr 4 körlum og 2 konum öll utan keppni og reyndust þau öll neiðkvæð.

Lyfjaeftirlitið fékk í hendur í upphafi ársins lista yfir alla landsliðsmenn, hvenær þeir munu taka þátt í mótum erlendis, æfingastaði, æfingatíma og nafn þjálfara. Samstarfið við lyfjaeftirlitið hefur verið mjög gott, en við höfum fengið ábendingar frá þeim um að tryggja eigi betur aðgengi til lyfjaprófanna á öllum æfingastöðum félaga. Í því felst aðgangur að lokuðum klefa með aðgang að klósetti sem enginn annar kemst í á meðan próf fer fram.

Reglugerðir og endurskoðun laga KRAFT

Eins og fram kom í inngangi er eitt af aðalverkefnum stjórnar að setja íslenskum kraftlyftingum nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt.

Á árinu voru gerðar nokkrar breytingar á reglugerð um kraftlyftingakeppni. Lög sambandsins þurfa nauðsynlega á endurskoðun að halda og er sú vinna í gangi í höndum Ásu Ólafsdóttur og Sigurjóns Péturssonar. Stjórn mun leggja áherslu á að klára það mál fyrir næsta þing.

Skrifstofa

Skrifstofa sambandsins er í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

María Guðsteinsdóttir var starfsmaður í 12.5% starf til 1.nóvember sl.

Fenginn var bókarari á seinni hluta árs til að fara yfir bókhald og gera ársreikninga og ætlar stjórnin að halda því samstarfi áfram með hliðsjón af auknum kröfum afrekssjóðs.

Til stendur að ráða á ný starfsmann í hlutastarf á skrifstofu til að sinna daglegum störfum, bréfaskriftum, skráningar á mót o.fl.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir kr. 2.800.000 til þessa þáttar í starfseminni á árinu 2018 til samræmis við ákvörðun ÍSÍ um upphæð ríkisstyrks til reksturs eigin skrifstofu.

Með þessu kemur meiri festa á starfið og álagið á stjórnarmenn minnkar í leiðinni.

Í lok árs fékk sambandið samþykki Aksturíþróttasambands Íslands til að nota hluta af þeirra geymslu. Þar höfum við komið fyrir keppnisvigt, tölvu o.a. og losað pláss á skrifstofu.

Fjármál

Peningar eru ein af forsendum þess að reka sérsamband innan ÍSÍ með öllum þeim skyldum sem því fylgir svo og umsvifum innanlands og þátttöku á mótum og í alþjóðastarfi á erlendri grundu. Gjaldkeri sambandsins Alex Orrason hefur þar unnið mikið starf á árinu og skal honum þakkað fyrir, en starf gjaldkera felst ekki aðeins í hefðbundnum gjaldkerastörfum svo sem greiðslum og bókhaldi heldur er viðamikill þáttur starfsins umsóknir og uppgjör vegna styrkja t.d. frá afrekssjóði.

Aukin umsvif og kröfur frá sjóðnum kalla á fagleg vinnubrögð og hefur stjórnin eins og áður sagði fengið til liðs við sig löggiltan bókarari.

Litið um öxl og fram á veginn

Kraftlyftingasamband Íslands er nú að ljúka sínu 8.starfsári.

Eins og komið hefur fram tók afrekssjóður þá ákvörðun að flokka sambandið sem eitt af 9 afrekssársamböndum og verður það að teljast til tíðinda fyrir svo ungt og lítið sérsamband.

Þetta gerðist ekki af sjálfu sér, að baki býr glæsilegur árangur afreksmanna okkar á undanförunum árum og gríðarleg vinna fráfarandi stjórnar og forvera hennar. Sú vinna hefur ekki bara farið fram á fundum, óteljandi símtöl, samtöl og samskipti á netmiðlum hafa átt sér stað, með tilheyrandi þælingum, bollaleggingum, skipulagningu og ákvörðunum.

Framtíðin er björt og sambandið hefur nú möguleika á því að styrkja alla keppendur sína sem keppa í opnum flokki og huga að hæfileikamótun og ungliðastarfi sem tækifæri er nú til að láta blómstra.

Með þessari flokkun hafa styrkir til sambandsins aukist til muna, en að á móti kemur að mun meiri kröfur eru gerðar til sambandsins. Eru kröfurnar nánar tiltekið taldar upp í 12 liðum sem sambandið þarf að uppfylla. Athyglisvert er að árangur á HM/EM er einungis einn liður af þessum 12. Hitt snýr að miklu leyti að rekstri og stjórnun sérsambandsins. Þetta felur í sér að innviðir sambandsins þurfa að vera sterkir, stjórn sambandsins þarf að vera öflug og hún þarf að vita hvert á að stefna.

Lítið hefur verið gert í því að afla styrkja til starfseminnar annars staðar frá, en styrkur afrekssjóðs mun aldrei geta fjármagnað afreksstarf sérsambandsins að fullu.

Til að sérsamband geti flokkast sem afrekssársamband verður það að sýna fram á, með ábyrgum hætti, hvernig fjármagna eigi aðgerðaráætlun með sjálfsaflafé, en þessi aðgerðaráætlun er í raun framkvæmdaáætlun til skemmri tíma sem er unnin með aðkomu afrekssjóðs.

Verkefni fráfarandi stjórnar var að byggja grunninn með nýrri afreksstefnu og komast á þann stað að flokkast sem afrekssársamband ÍSÍ. Verkefni nýrrar stjórnar hlýtur að vera að leita allra leiða til að fjármagna starfsemina að fullu og bið ég þingfulltrúa að hafa þetta í huga þegar gengið verður til kosninga hér á eftir og velja þá kandidata sem þeir telja líklega til árangurs í þeim efnun.

Að lokum

Óhætt er að segja að ímynd íþróttarinnar út á við hefur breyst mikið með sameiginlegu átaki. Ófriður og ósamstaða olli því að kraftlyftingamenn voru utangarðs á þriðja áratug en í dag erum við eitt af 9 afrekssársamböndum ÍSÍ. Við getum stolt klappað okkur á bakið og þakkað góðan árangur en jafnframt hafa það hugfast að árangur okkar verður fyrst og fremst rakinn til þess að menn hafa unnið saman og hlúð að orðspori okkar út á við.

Ég vil þakka stjórnarmönnum allt þeirra mikla framlag og góða samstarf. Ykkur þingfulltrúum þakka ég gott hljóð og traustið.

Heildarárangur á alþjóðlegum meistaramótum í opnum flokki og flokkum unglunga og stúlkna/drengja 2017

átta

12(13)gull, 8(6) silfur og 13(10) brons, samtals 33(29) peninga á fjórtán alþjóðlegum mótum á árinu.

Heimsmeistaramót í kraftlyftingum

Bronsverðlaun: Júlían J. K. Jóhannsson í +120 kg flokki karla

Gullverðlaun í réttstöðlyftu: Júlían J. K. Jóhannsson í +120 kg flokki karla

Heimsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum

10.sæti: Ragnheiður Kr Sigurðardóttir í -57 kg flokki kvenna

16.sæti: Arnhildur Anna Árnadóttir í -72 kg flokki kvenna

Heimsmeistaramót í bekkpressu

Silfurverðlaun: Fanney Hauksdóttir í -63 kg flokki kvenna

Heimsmeistaramót unglunga og drengja/stúlkna í klassískum kraftlyftingum

Bronsverðlaun: Matthildur Óskarsdóttir í -72 kg flokki stúlkna

7.sæti: Ragna Kristín Guðbrandsdóttir í -63 kg flokki stúlkna

Bronsverðlaun í hnébeygju: : Matthildur Óskarsdóttir í -72 kg flokki stúlkna

Bronsverðlaun í bekkpressu: : Matthildur Óskarsdóttir í -72 kg flokki stúlkna

Bronsverðlaun í réttstöðulyftu: : Matthildur Óskarsdóttir í -72 kg flokki stúlkna

Heimsmeistaramót unglunga í klassískri bekkpressu

3.sæti: Matthildur Óskarsdóttir, -72 kg flokki stúlkna

Evrópumót í bekkpressu

Gullverðlaun: Fanney Hauksdóttir í -63 kg flokki kvenna

Evrópumót í klassískri bekkpressu

Silfurverðlaun: Fanney Hauksdóttir í -63 kg flokki kvenna

Evrópumót í klassískum kraftlyftingum:

4.sæti: Rósa Birgisdóttir, +84 kg kvenna

9.sæti: Birgit Rós Becker, -72 kg kvenna

Bronsverðlaun í hnébeygju: Birgit Rós Becker, -72 kg kvenna

Evrópumót í kraftlyftingum

4.sæti Árdís Ósk Steinarsdóttir í +84 kg flokki kvenna

6.sæti Hulda B Waage í -84 kg flokki kvenna

4.sæti: Viktor Samúelsson í -120 kg flokki karla

Silfurverðlaun í bekkpressu: Viktor Samúelsson í -120 kg flokki karla

Bronsverðlaun í hnébeygju: Júlían J. K. Jóhannsson í +120 kg flokki karla

Evrópumót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum

Bronsverðlaun: Kara Gautadóttir í -57 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Sóley Margrét Jónadóttir, í +84 kg flokki stúlkna

Silfurverðlaun í bekkpressu: Kara Gautadóttir í -57 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun í hnébeygju: Kara Gautadóttir í -57 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun í hnébeygju: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun í bekkpressu: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Gullverðlaun í hnébeygju: Sóley Margrét Jónsdóttir, í +84 kg flokki stúlkna
Gullverðlaun í réttstöðulyftu: Sóley Margrét Jónsdóttir, í +84 kg flokki stúlkna
Bronsverðlaun í bekkpressu: Sóley Margrét Jónsdóttir, í +84 kg flokki stúlkna

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum

Gullverðlaun: Þuríður Kvaran Guðmundsdóttir í -84 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Karl Anton Löve í -93 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun: Kara Gautadóttir í -57 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í klassískum kraftlyftingum

Bronsverðlaun: Ingvi Örn Friðriksson í -105 kg flokki unglunga

4.sæti: Þorsteinn Ægir Óttarsson í -120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun: Svavar Örn Sigurðsson í -74 kg flokki drengja

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í bekkpressu

Gullverðlaun: Kara Gautadóttir í -57 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Karl Anton Löve í -93 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Aron Ingi Gautason í -74 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í klassískri bekkpressu

Silfurverðlaun: Ingvi Örn Friðriksson í -105 kg flokki unglunga

4.sæti: Þorsteinn Ægir Óttarsson í -120 kg flokki unglunga

Alþjóðamet:

Sóley Margrét Jónsdóttir bætti Evrópumet stúlkna +84 í hnébeygju 170 kg

Júlían J. K. Jóhannsson bætti Evrópumet karla +120 í klassískri réttstöðu 165 kg

Júlían J. K. Jóhannsson bætti Evrópumet karla +120 í klassískri réttstöðu 172,5 kg

Fanney Hauksdóttir bætti Norðurlandamet kvenna -63 í bekkpressu 157,5 kg

Kraftlyftingamaður og -kona ársins 2017 voru valin þau Fanney Hauksdóttir og Júlían J. K. Jóhannsson.

Rökstuðningur:

Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni, er fæddur 1993.

Hann keppti í fyrsta í sinn í opnum flokki 2017.

Helstu afrek á árinu

- Bronsverðlaun í samanlögðu á HM í kraftlyftingum +120 kg flokki
- Gullverðlaun í réttstöðulyftu á HM +120 kg flokki
- Evrópumet í klassískri réttstöðulyftu (365 kg) +120 kg flokki
- Bronsverðlaun í hnébeygju á EM í kraftlyftingum +120 kg flokki
- Íslandsmeistari í réttstöðulyftu
- Silfurverðlaun á Reykjavík International Games þar sem hann setti Íslandsmet í hnébeygju, réttstöðulyftu og samanlögðu í klassískum kraftlyftingum.
- Gullverðlaun á virtasta boðsmóti í réttstöðulyftu í heiminum, Sling Shot Pro Deadlift, Arnold Classic Festival þar sem hann setti Íslandsmet í réttstöðulyftu.

- Fyrsti íslendingurinn til að keppa á IWGA World Games e. Heimsleikunum.
- Stigahæstur íslenskra kraftlyftingamanna í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum á árinu

Fanney Hauksdóttir, Kraftlyftingafélag Reykjavíkur, er fædd 1992.

Fanney hefur sérhæft sig í bekkpressu og hefur keppt bæði með og án búnaðar á árinu.

Helstu afrek á árinu – öll unnin í -63 kg flokki

- Þriðja sæti á heimslista í bekkpressu
- Þriðja sæti á heimslista í klassískri bekkpressu
- Evrópumeistari í bekkpressu
- Silfurverðlaunahafi á HM í bekkpressu
- Silfurverðlaunahafi á EM í klassískri bekkpressu
- Þriðja sæti á heimslista í bekkpressu
- Þriðja sæti á heimslista í klassískri bekkpressu
- Íslandsmeistari í klassískri bekkpressu
- Norðurlandamet í bekkpressu í -63 kg flokki (157,5 kg)
- Íslandsmet í bekkpressu og klassískri bekkpressu á árinu (157,5 og 112,5 kg)

Fjárhagsáætlun Kraftlyftingarsambands Íslands fyrir árið 2018.

Lagt fram á ársþingi 18.2.2018.

Rekstur	Raun 2017	Áætlun 2018
Tekjur		
Styrkir frá ríki og ÍSí	5.275.176	5.500.000
Lottó	3.455.456	3.500.000
Afreksmannasjóður	12.750.000	16.000.000 ¹
Aðrar tekjur	77.391	2.000.000
Tekjur alls	21.558.023	27.000.000
Gjöld		
Styrkir og þóknanir	8.337.251	16.000.000*
Búningar	106.973	500.000
Húsnæðiskostnaður	0	250.000
Rekstur áhalda og tækja	2.560	300.000
Akstur	0	0
Skrifstofa	189.593	250.000
Laun	2.835.129	11.000.000
Þjálfun og dómg, á mótum	2.167.347	4.000.000
Kostnaður v/mótahalds	490.034 °	2.500.000

¹ Hér er inni ógreiddur afreksmannastyrkur frá 2017 að fjárhæð 1.600.000

Ýmsar skuldir		949.704
Annað	<u>28.811</u>	<u>100.000</u>
Gjöld alls	13.667.754	32.400.000
Rekstrarafgangur	8.426.047	<u>-8.849.704</u>
Staða í lok árs	<u>12.665.627</u>	<u>3.815.923</u>